

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skuggasund 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, þriðjudagur, 28. febrúar 2023  
UST202302-230/H.G.  
04.00

## Efni: Samráðsgátt - Breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - geymsla koldíoxíðs

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnti þann 14. febrúar 2023 breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (geymsla koldíoxíðs). Um er að ræða breytingar á VI. kafla A sem fjallar um geymslu koldíoxíðs í jörðu í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Breytingarnar eru nauðsynlegar til að samræma orðalag kaflans við orðalag tilskipunar 2009/31/EB um geymslu koldíoxíðs í jörðu og tryggja fullnægjandi innleiðingu tilskipunarinnar í íslensk lög.

### Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og gerir einnig viðbótar athugasemdir:

#### Um 1. gr.

Lagt er til að breyta 1. mgr. 33. gr. a. í gildissviðsákvæði kaflans þannig hann gildi einnig innan landhelgi og landgrunni. Umhverfisstofnun bendir á að mælt er fyrir um gildissvið laganna í 2. gr. Þar segir: „Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á **landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána**, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr., að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra. [...] Líkt og segir í greininni *Gildissviðsgatasigt*<sup>1</sup> eftir Dr. Bjarna Má Magnússon prófessor í hafrétti og Arnar Þór Jónsson lögmann vantar að nefna landhelgina og landgrunnið í upptalningunni. Það er sérstakt að lögin ná yfir lofthelgina en ekki landhelgina, þ.e. að þau gildi í loftinu yfir landhelginni en ekki í landhelginni sjálfri. Varðandi landgrunnið verður að hafa í huga að landgrunnið og efnahagslögsagan eru aðskilin fyrirbæri. Þá er ekki skýrt hvort lögin taka til innsævis. Íslenskt innsævi er sérlega víðáttumikið og því æskilegt að tekið sé sérstaklega fram í gildissviðsákvæðum að tiltekin lög gildi á innsævinu.

Umhverfisstofnun telur að með því að hafa ósamræmi á milli 2. gr. og 33. gr. a. laganna er verið að breikka ennfremur bilið og er þá enn óskýrara hvort lög nr. 7/1998 ná til lofthelgi, landhelgi og innsævis. Hér er vert að nefna að Umhverfisstofnun gefur starfsleyfi út til að

<sup>1</sup> Greinin var birt í 1. tlb. Tímariti Lögréttu árið 2017.

mynda fyrir sjókvíaeldi sem er einkum staðsett í innsævi Íslands. Umhverfisstofnun telur því gríðarlega mikilvægt og öruggara að tekinn verður allur vafi á þessu og að 2. gr. laga nr. 7/1998 verði jafnframt breytt svo að lögin taka skýrt fram að þau gildi í landhelginni, landgrunninum og innsævinu.

### **Um 3. gr.**

Lagt er til að breyta 33. gr. d. og gera hana ítarlegri. Umhverfisstofnun telur það vera til bóta en telur vanta kröfuna um að rekstraraðili eigi að halda skrá. Samskonar ákvæði er í 11. gr. reglugerðar nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu fyrir utan þetta eina atriði sem fjallað er um í 2. tölul. 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Stofnunin leggur því til eftirfarandi orðalag, sjá feitletrað:

33. gr. d laganna orðast svo:

Koldíoxíðstraumur skal vera að langmestu leyti úr koldíoxíði. Af þeim sökum má ekki bæta í hann úrgangi eða öðru efni í því skyni að farga þeim úrgangi eða öðru efni.

Koldíoxíðstraumur getur þó innihaldið tilfallandi, tengd efni úr uppsprettunni, fönguninni eða niðurdælingarferlinu og snefilefni sem bætt er í hann til að auðvelda vöktun og sannprófun á flæði koldíoxíðs. Styrkur allra tilfallandi og viðbættra efna skal ekki vera svo hár að hann:

- a. hafi skaðleg áhrif á áreiðanleika geymslusvæðis eða tengdra innviða,
- b. stofni umhverfinu eða heilbrigði fólks í hættu,
- c. brjóti í bága við kröfur annarrar viðeigandi löggjafar.

Rekstraraðili skal sjá til þess að innihald koldíoxíðsstraums sé efnagreint og að fram fari áhættumat sem staðfesti að mengunarstig koldíoxíðsstraums sé í samræmi við kröfur 1. mgr.

**og að haldin sé skrá yfir magn og eiginleika koldíoxíðsstrauma sem eru afhentir og dælt niður, þ.m.t. samsetning straumanna.**

### **Um 4. gr.**

Lagt er til að breytingar verða 33. gr. g. sem felst m.a. í því að bæta nýjan tölulið við 1. mgr. sem verður 2. tölul., sbr. b. liður. Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar eru í lögunum 1.-3. tölul. stofnun telur því rétt að breyta ákvæðinu eða að það komi skýrt fram að 2. tölul. verður 3. tölul. og að 3. tölul. verður 4. tölul.

### **Reglugerðarheimild fyrir könnunarleyfi**

Í 33. gr. b. laga nr. 7/1998 er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja nánari ákvæði í reglugerð. Stofnunin bendir á að í 1. tölul. ákvæðisins er ráðherra veitt heimild til að setja nánari ákvæði um „könnun á fýsileika geymis“. Umhverfisstofnun bendir á að réttara væri ef þar stæði könnunarleyfi. Stofnunin leggur því til að 1. tölul. 1. mgr. 33. gr. b. orðast svo:

#### **33. gr. b. Reglugerðarheimild.**

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ.m.t. um:

1. **Könnunarleyfi** og starfsleyfi til geymslu, þ.m.t. um form og efni umsóknar og leyfis, fjárhagslega tryggingu, breytingar á útgefnum leyfum, kröfur vegna aðilaskipta, niðurfellingu leyfis þegar starfsemi er hætt eða forsendur leyfis bresta og málsmeðferð við veitingu leyfis.

### **Gjaldskrá Umhverfisstofnunar**

Könnunarleyfi er skilgreint í 9. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1430/2022 um geymslu koldíoxíðs í jörðu sem skrifleg og rökstudd ákvörðun sem Umhverfisstofnun gefur út samkvæmt kröfum í reglugerðinni og heimilar könnun og tilgreinir skilyrði þess að könnun megi fara fram. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. tölul. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 7/1998 hefur stofnunin heimild til að taka gjald fyrir útgáfu starfsleyfa. Þar sem könnunarleyfi er ekki starfsleyfi telur stofnunin mikilvægt að bætt verði „könnunarleyfi“ við upptalninguna þannig tölulíðurinn orðast svo:

1. Námskeið, útgáfu starfsleyfa, **könnunarleyfa** og vottorða, sem og endurskoðun eða breytingar á starfsleyfum, sbr. 6. gr.

Umhverfisstofnun vill einnig ítreka minnisblað sem stofnunin sendi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins þann 1. júní 2022 um tillögu að lagabreytingu vegna úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun lagði þar til að bæta mengunarbótareglu/greiðslureglu umhverfisréttarins við 1. mgr. 53. gr. Mengunarbótareglan, eða greiðslureglan (e. the polluters pays' principle), kveður á um að bótaskylda sé lögð á þann sem mengun veldur. Reglan felst í því að sá sem mengar beri að jafnaði þann kostnað sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum vegna mengunar. Með þessari reglu er ætlað að gera mengunarvald ábyrgan og meðvitaðan um ábyrgð sína. Um nánari rök er vísað til minnisblaðsins.

Þar lagði stofnunin til að 1. mgr. 53. gr. laga nr. 7/1998 orðist svo, sjá skálitrað viðbætur í minnisblað og feitletrað viðbót vegna umræddrar lagabreytingartillögu:

*Aðilar skulu standa straum af kostnaði vegna mengunarvarna sem hlýst af því að koma í veg fyrir eða draga úr áhrifum vegna mengunar samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.*

Umhverfisstofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Námskeið, *vinnslu* og útgáfu starfsleyfa, [**könnunarleyfa**] og vottorða, sem og endurskoðun, *niðurfellingu, framlengingu, uppfærslu* eða breytingar, á starfsleyfum, sbr. 6. gr.
2. Eftirlit, þ.m.t. sýnatöku, sbr. 51. gr.
3. Eftirfylgni eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. XVII. kafla.
4. Álagningu stjórnvaldssekta, sbr. 67. gr

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og fara nánar yfir efni umsagnarinnar.

Virðingarfyllst,

Hlín Gísladóttir,  
*lögfræðingur*

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,  
*teymisstjóri*